



Borgarstjórn Reykjavíkur 21. apríl 2026

Tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar um fjárhagslegt velferðarlíkan

Borgarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra að hefja vinnu við gerð fjárhagslegs reiknilíkans fyrir velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar („velferðarlíkanið Freyja“).

Líkanið hafi það að markmiði að:

- Skilgreina með skýrum og gagnsæjum hætti forsendur fjárúthlutunar innan velferðarsviðs,
- styðja við markvissari fjármálastjórn og ákvarðanatöku,
- tryggja jafnræði í þjónustu óháð hverfum og notendahópum,
- og gera kleift að meta áhrif breytinga á þjónustu og umfangi með greiningum.
- Við gerð líkansins verði horft til þeirrar vinnu sem þegar hefur farið fram við þróun fjárhagslíkans í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Greinargerð

Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum þróað fjárhagslíkön fyrir leik- og grunnskóla sem hafa aukið gagnsæi, skýrt forsendur fjárúthlutunar og styrkt fjármálastjórn. Sú vinna var unnin að undirlagi Viðreisnar í Reykjavík og hefur reynst mikilvægur grunnur að markvissari rekstri og stefnumótun í skólamálum.

Velferðarþjónusta borgarinnar er einn umfangsmesti og fjölbreyttasti málaflokkurinn í grunnþjónustu sveitarfélaga. Hún nær til stórs og fjölbreytts hóps borgarbúa og þróað stöðugt í takt við samfélagsbreytingar. Á árinu 2024 nutu yfir 20 þúsund borgarbúar þjónustu velferðarsviðs og verkefni spanna allt frá þjónustu við börn og fjölskyldur til stuðnings við eldra fólk, fatlað fólk og aðra viðkvæma hópa.

Velferðarmál eru jafnframt einn stærsti útgjaldaliður Reykjavíkurborgar. Rekstur velferðarsviðs nemur um 48 milljörðum króna árlega og stendur undir um fimmtungi af heildarrekstri borgarinnar. Umfang málaflokksins endurspeglar mikilvægi hans en jafnframt þá ábyrgð sem felst í því að tryggja sjálfbæra og markvissa ráðstöfun fjármuna.

Undanfarin ár hafa einkennst af hröðum breytingum í málaflokknum. Heimsfaraldur, stríðsátök í Evrópu og auknir alþjóðlegir fólksflutningar hafa haft bein áhrif á velferðarþjónustu borgarinnar. Sem dæmi má nefna að stór hópur flóttafólks hefur bæst við þjónustuna undanfarið og árið 2024 fengu 3.402 einstaklingar úr þeim hópi þjónustu velferðarsviðs. Þá hefur jafnframt orðið mikil aukning í verkefnum barnaverndar, þar sem tilkynningum hefur fjölgað og börn sem tilkynnt er um orðið fleiri milli ára.

Á sama tíma hefur áhersla á inngilding, samþættingu þjónustu og stuðning við fjölbreyttan hóp borgarbúa aukist. Þjónustan þarf í síauknum mæli að breiðast hratt við nýjum aðstæðum og breyttum þörfum, hvort sem um er að ræða lýðfræðilegar breytingar, félagslegar áskoranir eða ný verkefni sem spretta upp á skömmum tíma. Þetta



undirstrikar að velferðarmál eru síbreytilegur málaflokkur sem krefst stöðugrar aðlögunar.

Mikilvægt er að fjárhagslegt umhverfi velferðarmála endurspegli þessa þróun. Þar vegur þungt að tekið sé mið af lýðfræðilegum breytingum, félagslegum þáttum og þeim verkefnum sem eru hverju sinni í forgrunni. Með skýru og gagnsæju reiknilíkani verður unnt að tengja betur saman þjónustu, þarfir og fjármögnun.

Með innleiðingu velferðarlíkans skapast tækifæri til að styrkja yfirsýn, bæta undirbúning ákvarðana og tryggja að fjármunir nýtist sem best í þágu borgarbúa. Tillagan byggir á þeirri nálgun sem þegar hefur gefið góða raun í öðrum stórum málaflokkum borgarinnar og miðar að því að efla faglega og ábyrga stjórnun í velferðarmálum.

Viðreisn leggur til að velferðarlíkanið verði kallað Freyja, með tengingu við lífsgæði, vernd og umhyggju fyrir fólki og samfélagi.

